

## 7. gr.

Leita skal staðfestingar dóms- og kirkjumálaráðherra á stofnskrá þessari, er síðar verði birt í Stjórnartíðindum.

1. nóvember 1979.

Nr. 445.

**REGLUGERÐ**

**um breytingu á reglugerð nr. 186/1976 um meinatækna.**

## 1. gr.

3. gr. orðist svo:

Ráðherra getur veitt öðrum en þeim, sem 2. grein tekur til, löggildingu, enda sanni viðkomandi að hann hafi menntun, sem sé sambærileg við próf úr viðurkenndum meinatæknaskóla skv. 2. gr.

## 2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 64/1971 um tækni-menntaðar heilbrigðisstéttir, öðlast gildi nú þegar.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið 1. nóvember 1979.*

**Magnús H. Magnússon.**

*Páll Sigurðsson.*

1. nóvember 1979.

Nr. 446.

**REGLUGERÐ**

**um breytingu á reglugerð nr. 101/1977 um breytingu á reglugerð nr. 250/1976 um tilbúning og dreifingu matvæla og annarra neyslu- og nauðsynjavara.**

## 1. gr.

4. gr. 3. mgr. reglug. nr. 101/1977, sbr. 9. gr. 6. tl. reglugerðar nr. 250/1976 orðist svo:

9.6. Séu kjöt og kjötvörur, fiskur og fiskmeti eða aðrar viðkvæmar neysluvörur, t. d. álegg, seldar í luktum umbúðum (þar á meðal lagmeti) eða hraðfrystar, skal á pökkunarstað skráð dagsetning á umbúðir og síðasti leyfilegur söludagur þannig: „Pakkað ....“ „Síðasti söludagur ....“.

## 2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í lögum nr. 24/1936 um eftirlit með matvælum og öðrum neyslu- og nauðsynjavörum og með stoð í lögum nr. 12/1969 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit og með stoð í lögum nr. 85/1968 um eiturefni og hættuleg efni, öðlast gildi 1. janúar 1980.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 1. nóvember 1979.*

**Magnús H. Magnússon.**

*Páll Sigurðsson.*